

Gátlisti með tilvísun vegna beiðni um þjónustu talmeinafræðings við grunnskólanemendur

Mjög mikilvægt er að öllum spurningum gátlistans sé svarað. Ef sá sem fyllir út hefur ekki umbeðnar upplýsingar, þá leiti hann eftir þeim hjá öðrum eftir því sem við á. Oft gefst vel að kennari og foreldrar svari listanum í sameiningu.

Tilvísun telst ekki fullnægjandi og verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en allar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir

Nafn nemanda: _____	Kennitala: _____
Skóli: _____	Bekkur: _____
Umsjónarkennari: _____	
Útfyllt af: _____	

1. Á nemandinn í framburðarerfiðleikum? Já _____ Nei _____

Ef svarið er játandi, komið þá með dæmi (hakið við eftir því sem við á):

_____ a) Nemandinn skiptir út einu hljóði fyrir annað (köttur>töttur/kaka>tata).

dæmi: _____

_____ b) Nemandinn sleppir hljóði eða atkvæði úr orði (slökkviliðsmaður>slökkmaður/bónda-
bænum>bóndænum).

dæmi: _____

_____ c) Nemandinn sleppir endingum orða (maður>mað).

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn afbakar hljóð.

dæmi: _____

_____ e) Erfitt er að skilja samfellt mál nemandans.

dæmi: _____

_____ f) Tal/framburður nemandans hefur áhrif á líðan hans.

dæmi: _____

2. Stamar nemandinn? Já _____ Nei _____

Ef svarið er játandi, komið þá með dæmi (hakið við eftir því sem við á):

_____ a) Nemandinn endurtekur hljóð, atkvæði eða orð í setningu oftár en eðlilegt getur talist.

dæmi: _____

_____ b) Nemandinn á erfitt með að koma orðunum frá sér.

dæmi: _____

_____ c) Nemandinn grettir sig eða geiflar óeðlilega við að koma frá sér orðunum.

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn talar hraðar eða hægar en eðlilegt getur talist, ræður ekki við talhraðann.

dæmi: _____

3. Er rödd nemandans óeðlileg?

Já _____ **Nei** _____

Ef svarið er játandi, svaraðu þá eftirfarandi spurningum:

_____ a) Nemandinn talar í hærri tónhæð en eðlilegt getur talist.

dæmi: _____

_____ b) Rödd nemandans er eintóna.

dæmi: _____

_____ c) Hæsi hefur verið áberandi hjá nemandanum í langan tíma án greinilegrar ástæðu.

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn hefur áberandi opið eða lokað nefmæli án þess að vera kvefaður.

dæmi: _____

4. Á nemandinn erfitt með að fylgja munnlegum fyrirmælum?

Já _____ **Nei** _____

Ef svo er, merktu þá við þær fullyrðingar sem við eiga:

_____ a) Nemandinn biður iðulega um að fyrirmæli séu endurtekin.

dæmi: _____

_____ b) Nemandinn misskilur óeðlilega oft það sem sagt er.

dæmi: _____

_____ c) Svör hans/hennar eru iðulega á skjön við það sem spurt er um.

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn gleymir fyrirmælum um leið og þau eru gefin eða man bara hluta þeirra.

dæmi: _____

_____ e) Nemandinn truflast auðveldlega og þreytist fljótt þegar hann á að hlusta.

dæmi: _____

_____ f) Nemandinn skilur betur skrifleg fyrirmæli en munnleg.

dæmi: _____

_____ g) Nemandinn mismælir sig óeðlilega oft og rekur í vörðurnar í samfelldu máli.

dæmi: _____

_____ h) Málvarsleg geta nemandans er ekki í samræmi við það sem búast mætti við.

dæmi: _____

5. Á nemandinn í tjáningarerfiðleikum?

Já _____ Nei _____

Ef svo er merktu þá við þær fullyrðingar sem við eiga:

_____ a) Nemandinn sleppir oft smáorðum eða áherslulitlum orðum úr setningum.

dæmi: _____

_____ b) Orðaforði nemandans er einfaldur/fátæklegur.

dæmi: _____

_____ c) Nemandinn á erfitt með að endursegja frásögn/sögur, atburðarás er ruglingsleg.

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn notar stuttar, einfaldar setningar, málfar líkist málfari yngri barna.

dæmi: _____

_____ e) Nemandinn notar óljóst málfar („þú veist“, „eða þannig“).

dæmi: _____

_____ f) Nemandinn þar oft að byrja aftur, endurtaka eða endurskoða það sem hann segir.

dæmi: _____

_____ g) Nemandinn kemur sér undan að tjá sig, notar „ég veit það ekki“, „ég man það ekki“ til að fela erfiðleika sína.

dæmi: _____

6. Er málhegðun nemandans óeðlileg?

Já _____ Nei _____

Ef svo er, merktu þá við þær fullyrðingar sem við eiga::

_____ a) Nemandinn svarar ekki, heilsar ekki eða notar málið á óeðlilegan hátt til samskipta (virkar ókurteis, sem samræmist ekki annarri hegðun hans).

dæmi: _____

_____ b) Nemandinn er oft úti á þekju í umræðum (í spjallkrók) og tekur ekki þátt.

dæmi: _____

_____ c) Nemandinn skiptir um umræðuefni á óviðeigandi hátt.

dæmi: _____

_____ d) Nemandinn hikar eða hefur langa þögn áður en hann svarar eða svarar alls ekki.

dæmi: _____

7. Er heyrn/hlustun nemandans óeðlileg?

Já _____ Nei _____

Ef svo er, merktu þá við þær fullyrðingar sem við eiga:

_____ a) Nemandinn hlustar illa á kennara.

_____ b) Nemandinn virkar utan við sig og fylgist illa með því sem gerist í bekknum.

_____ c) Nemandinn misheyrir óeðlilega.

_____ d) Nemandinn þreytist fljótt og verður pirraður þegar umræður eru í gangi.

8. Hefur heyrn nemandans verið mæld nýlega? Já _____ Nei _____

Síðasta mæling, dags, niðurstöður: _____

9. Hefur nemandinn verið athugaður af talmeinafræðingi? Já _____ Nei _____

Hverjum/hvar? _____

Hvenær? _____

Hverjar voru niðurstöðurnar? _____

10. Hefur nemandinn verið í talþjálfun? Já _____ Nei _____

Hjá hverjum/hvar? _____

Hvenær? _____

11. Hakið við það sem við á:

	Proskaröskun er til staðar hjá barninu. Nánar:
	Umtalsverð veikindasaga er til staðar. Nánar:
	Fleiri en eitt tungumál er í nánasta umhverfi barnsins.
	Ættarsaga er til staðar um málproskaröskun.
	Ættarsaga er til staðar um leshömlun.
	Grunur er til staðar um vanörvun hvað varðar mál og tal.
	Barnið er fætt á Íslandi.
	Barnið hefur aðgang að sjónvarpsefni og bókum á móðurmáli sínu.

12. Barnið hefur orðið fyrir áfalli sem gæti haft áhrif á málþroska og/eða framburð (líkamlegu/andlegu). Já _____ Nei _____

Nánari lýsing: _____

13. Er búíð að klippa á tungu- og/eða varahaft? Já _____ Nei _____

14. Er búíð að fjarlægja háls- og/eða nefkirtla? Já _____ Nei _____

15. Hefur barnið farið í reglubundnar skoðanir hjá heilsugæslunni? Já _____ Nei _____

Ef já, voru áhyggjur? Já _____ Nei _____

Hvers eðlis voru áhyggjurnar? _____

16. Á hvaða aldri byrjaði barnið að:

- Segja sitt fyrsta orð: _____

- Tengja saman 2-3 orð: _____

- Nota setningar: _____

17. Hversu oft í viku er lesið fyrir barnið/hlustar barnið á sögu? _____

18. Á eitthvað af eftirfarandi við um barnið?

	Barnið er mikið með opinn munninn (opinmynt).
	Barnið slefar óeðlilega mikið.
	Barnið er lengi að borða.
	Barnið tyggur með opinn munninn.
	Barnið sefur með opinn munninn.
	Barnið hrýtur.
	Barnið gnístir tönnum í svefni.
	Barnið virðist ekki úthvilt þegar það vaknar.

19. Hefur barnið staðfestar greiningar?: ____ ADHD ____ Einhverfu ____ Lesblindu
____ Annað, tilgreinið nánar: _____

20. **Ef barnið er tví (fjöl) tvyngt:**

Hvaða mál tala foreldrar barnsins? _____

21. Hversu lengi hefur barnið verið í íslensku málumhverfi? _____

22. Annað sem þarf að koma fram:

Nauðsynleg fylgiskjöl með öllum beiðnum um athugun talmeinafræðings:

Yfirlit yfir mál- og talþjálfun ef við á, hver kennir, hversu oft, hvaða árangri hefur það skilað, skipulag (einstaklingskennsla, hópar, inni í bekk, námskeið o.fl.).

Nánar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Skólaþjónustan geymir upplýsingarnar í rafrænu kerfi sem utanaðkomandi aðili (ONE) heldur utan um. Auk þess deilir Skólaþjónustan framangreindum persónuupplýsingum með ákveðnum sérfræðingum, sem málið varðar. Þeir eru bundnir trúnaði og ber að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skólaþjónustan er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er henni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem skólaþjónustan safnar um einstök börn afhentar Héraðsskjalasafni einu ári eftir að barn lýkur grunnskólagöngu.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að persónuupplýsingum, að láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Skólaþjónustan meðhöndlar upplýsingar um þá, eða um réttindi sín, þá geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Skólaþjónustunnar. Sá aðili er Dattaca Labs og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið dpo@dattacalabs.com.

Dragi einstaklingar í efa að Skólaþjónustan meðhöndli persónuupplýsingar um þá í samræmi við lög um persónu-vernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð Skólaþjónustunnar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á heimasíðu Skólaþjónustunnar.